

**Fundargerð stjórnar Rauða krossins á Íslandi**

*Fundurinn er númer 5 hjá núverandi stjórn og númer 1067 frá upphafi*

---

**Mætt á staðfund:** Silja Bára R. Ómarsdóttir formaður, Sigríður Stefánsdóttir varaformaður, Ívar Kristinsson, Elín Ósk Helgadóttir, Baldur Steinn Helgason, Gréta María Grétarsdóttir, Sveinn Þorsteinsson, Valgerður Bláklukka Fjöl意思dóttir, Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri og Kristjana Fenger sem ritaði fundargerð.

**Gestir:** Arna Harðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs.

**Boðuð forföll:** Margrét Dögg Guðgeirsdóttir, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Sigurjón Haukur Valsson, Símon Friðrik Símonarson, Unnsteinn Ingason

**Fjarverandi:**

---

Silja Bára, formaður setti fundinn kl. 19:39.

**1. Fundargerð stjórnarfundar 7. október 2022**

- a. Engar athugasemdir. Fundargerð samþykkt.

**2. Fundargerð framkvæmdaráðs 28. október 2022**

- a. Engar athugasemdir.

**3. Uppgjör fyrir 3. ársfjórðung**

- a. Arna Harðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs kom inn á fundinn og kynnti ársfjórðungsuppgjör fyrir þriðja ársfjórðung.
- b. Umræður um afkomuna, verðbréf og skynsamlega ávöxtun og ákveðið að gagnlegt væri að taka upp á ný og ræða frekar fjárfestingastefnu félagsins í framkvæmdaráði og stjórn.

*Arna vék af fundi eftir þennan lið, kl. 20:00.*

**4. Formannafundur – frekara skipulag og dagskrá**

- a. Lokið var við skipulag, fyrirkomulag umræðuhópa og kynninga fyrir formannafundinn.

**5. Loftslagsáskorun**

- a. Loftslags- og umhverfissáttmáli mannúðarsamtaka sem ICRC og IFRC höfðu umsjón með að yrði settur á laggirnar. Minnisblað var lagt fram inn á stjórnargátt um aðild Rauða krossins á Íslandi að sáttmálanum. Stjórn samþykkti einróma að undirrita áskorunina fyrir hönd Rauða krossins á Íslandi.

**6. Stjórnarseta og stjórnarfundur IFRC**

- a. Ragna Árnadóttir, Kristín framkvæmdastjóri og Kristjana, aðstoðarmaður framkvæmdarstjóra sem jafnframt aðstoðar Rögnu Árnadóttur í stjórnarsetu hennar, mættu á fyrsta fund stjórnarinnar um miðjan október í Genf. Kristín fór stuttlega yfir það sem fram fór á fundinum til upplýsinga fyrir stjórn.

**7. Íslandsspil**

- a. Kristín og Ívar fóru yfir helstu vendingar í málefnum Íslandsspila. Í raun fátt nýtt að fréttu en enn unnið að frekara samtali við hlutaðeigandi aðila um frekara samstarf í málaflokknum.

**8. Skýrsla framkvæmdastjóra**

- a. Glow Red fundur fór fram í París í október. Kristín fór yfir áframhaldandi starf hópsins og áherslur hans í jafnréttismálum innan hreyfingarinnar.
- b. Kristín greindi frá vinnu félagsins í sambandi við málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd, breytingar á útlendingalögum og þær brottvísanir sem áttu sér stað í vikunni.
- c. Umræða skapaðist um málefni flóttafólks og var stjórn sammála um að halda réttindum hópsins áfram hátt á lofti og tala máli þeirra. Ákveðið að stjórn hlyti fræðslu í málaflokknum.

**9. Önnur mál**

- a. Ákveðið að næsti stjórnarfundur yrði fjarfundur, í hádeginu föstudaginn 16. desember nk.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið 21:20 /kf